

Nýútkomið í A.-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, undirskrifuð af konungi 8. maí 1894, ásamt þýðingu (A. nr. 15, bls. 90—105).

Konungleg auglýsing um, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 14. maí 1894 (A. nr. 16, bls. 106—107).

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í Lissabon o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 16. maí 1894 (A. nr. 17, bls. 108—109).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 39
vanrækslu hreppsnefnda í samning kjörskráa. — Þjer hafð, herra amtmaður í þókn- 27. febr. anlegu brjefi, dags. 13. desbr. f. á., tjáð mjer, að ýmsar hreppsnefndir í ömtum yðar hafi stundum að undanfögnu og sjerstaklega síðastliðið ár sýnt talsvert hirðuleysi í því, er lýtur að skyldum þeirra samkvæmt kosningarlögnum 14. sept. 1877, og hafð þjer sjerstaklega til þess nefnt Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka-, Helgastaða-, Kelduness-, Axarfjarðar-, Fjalla-, Presthóla-, Svalbarðs- og Sauðanesshreppa í Þingeyjarsýslu, og Geithella-, Beruness-, Eiða- og Skriðdalshreppa í Suður-Múlasýslu; en frá engum af þessum hreppum hafa kjörskrár komið í tæka tíð. Jeg skal því þjónustusamlega leggja fyrir yður, herra amtmaður, að áminna nefndar hreppsnefndir um að gæta vandlega skyldu sinnar framvegis í þessu efni og tjá þeim, að ef framvegis verði brögð að vanrækslu af þeirra hálfu, muni að því reka, að ekki verði hjá því komizt að láta þær sæta ábyrgð eptir lögunum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð 40
(ágríp). — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að konungur hefði 8. s. m. 14. marz. veitt samþykki til makaskipta á kirkjujörðinni Vígholtsstöðum, tilheyrandi Hjarðarholtskirkju í Dalaprófastsdæmi, og bændaeygninni Sámsstöðum í Laxárdalshreppi, þannig, að hin fyrnefnda jörð verði að því er gjaldskyldu snertir eptirleidis skoðuð sém bændaeygn, en hin síðarnefnda verði sett jafnhliða öðrum kirkjujörðum.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til 41
húsakaupa á kirkjujörð (ágríp). — Með brjefi þessu var leyfð 256 kr. lántaka, 13. apríl. þannig, að lánið skyldi endurgreiðast á 20 árum auk 4% vaxta, gegn veði í tekjum Hofsprestakalls í Vopnafirði, til þess að kaupa nauðsynleg hús á kirkjujörðina Hraunfell.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 42
niðurjöfnun á jafnaðarsjóðsgjaldi (ágríp) — Samkvæmt tillögum amtmanns sam- 17. apríl. þykkti landshöfðingi, samkvæmt 56. gr. í tilsk. 4. maí 1872, að jafnað væri

11. dag júnímán. 1894.